

Kirkjuþing 2020-2021.
20. mál - þskj. 20.

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um presta nr. 110/2011, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af biskupi Íslands.
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Við 11. gr. starfsreglnanna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er, með samþykki hlutaðeigandi presta og sóknarnefndar eða sóknarnefnda, að færa sóknarprestsskyldur með reglulegu millibili milli presta í prestakalli, enda sé gert um það skriflegt samkomulag framangreindra aðila. Prófastur skal staðfesta slíkt samkomulag svo það öðlist gildi.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi öðlast gildi 1. október 2020.

Greinagerð.

Biskup Íslands leggur til að heimilað verði að færa sóknarprestsskyldu á milli presta í prestaköllum með reglulegu millibili. Slíkt fyrirkomulag gæti eflt enn betur liðsheild presta, djákna, tónlistarfólks og annars starfsfólks í Fossvogsprestakalli, að ógleymdum sjálfboðaliðum safnaðanna í sóknarnefndum, messuhópum o.fl. Það veitir ákveðið aðhald að láta forystuhlutverkið ganga, skerpir þörfina fyrir samráð og verkaskiptingu og minnkar líkur á kulnun og því að festast í sama farinu til lengri tíma litið.

Forsendur og réttarheimildir.

Helstu réttarheimildir sem um þetta gilda eru þjóðkirkjulög nr. 78/1997 og starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016. Skal hér í eftirfarandi texta vísað almennt til þessara heimilda, í stað tilvísana í reglurnar.

1. Auglýsingaskylda.

Skylt er að auglýsa laus prestsstörf innan þjóðkirkjunnar nema um tímabundin störf sé að ræða (ár eða skemur). Ef um laust starf sóknarprests er að ræða virðast hvorki starfsreglur né lög standa því í vegi beinlínis að auglýsa starfið þannig að áskilnaður sé um

að ábyrgð og skyldur sóknarprests færast milli vígðra þjóna í sama prestakalli með tilteknu millibili (tvö ár t.d.) eftir nánari skilmálum þar um. Með þessu fyrirkomulagi væri um verulega breytingu á langri framkvæmd mála að ræða og eðlilegt að hún sé rædd við Prestafélag Íslands og fái einnig umræðu á kirkjuþingi og helst blessun.

2. Ráðning eða skipun.

Munur er á því hvort prestar eru ráðnir eða skipaðir til prestsstarfs. Smám saman (lok árs 2025) mun skipun til prestsstarfa heyra sögunni til, nema hvað varðar þá presta sem eru skipaðir ótímabundið (þ.e. skipaðir fyrir 1.7.1996). Ef um skipaðan sóknarprest er að ræða er ekki unnt að færa hann í annað prestsstarf nema með samkomulagi. Ef um tímabundna ráðstöfun væri að ræða yrði að gera tímabundinn ráðningarsamning um þá prestsþjónustu og veita honum tímabundið leyfi frá embætti sóknarprests á meðan. Ef um ótímabundna ráðstöfun væri að ræða yrði gerður ótímabundinn ráðningarsamningur og fælist í því lausn frá embættinu (þar með væri sóknarprestsembættið úr sögunni).

Ef um sóknarprest er að ræða sem er ráðinn til starfa er ljóst að hvorki ákvæði laga né starfsreglna girða fyrir að taka upp það fyrirkomulag sem hér um ræðir. Þess heldur þegar um presta er að ræða, en það felst í almennum stjórnunarrétti forstöðumanns biskupsstofu að skipa fyrir um verkahring hvers vígðs þjóns.

Ef skipaður sóknarprestur stígur til hliðar tímabundið eða varanlega er eðlilegt að líta svo á að sá sem tekur við sóknarprestsskyldunum sé í ráðningarsambandi þar en ekki „settur í embætti“ tímabundið eins og áður var.

3. Samkomulag.

Verði niðurstaðan sú að biskup heimili þann möguleika að færa ábyrgð og skyldur sóknarprestsstarfsins á milli vígðra þjóna í prestakalli með reglulegu millibili er afar mikilvægt að um það sé full og raunveruleg sátt sóknarnefndar/nefnda og vígðra þjóna í prestakallinu. Eðlilegt og sanngjarnt er að vígður þjónn geti beðist undan því að takast á hendur ábyrgð sóknarprestsstarfsins, án eftirmála.

4. Endurskoðun.

Búa verður svo um hnúta að unnt sé að endurskoða þá tilhögun að skyldur sóknarprestsstarfs færast á milli. Í slíku tilvikum verður að tryggja að sóknarnefndir, vígðir þjónar, prófastur og biskup geti ávallt breytt þessari skipan án verulegrar fyrirhafnar og rökstuðnings. Biskup verður ávallt að geta ákvarðað að tiltekinn vígður þjónn gegni skyldum sóknarprests ótímabundið. Að jafnaði yrði innleiðing slíkrar breytingar gerð við lok tveggja ára tímabils, en frá því gætu þó hugsanlega verið undantekningar og yrði að gera ráð fyrir slíku í verklagsreglum og/eða samkomulagi.

5. Launagreiðslur.

Eðlilegt er að launagreiðslur hverju sinni séu í samræmi við launasetningu þess starfs sem vígður þjónn gegnir hverju sinni í prestakalli. Frá því má þó gera þá undantekningu tímabundið, að fari sóknarprestur, sem nýtur réttinda og ber skyldur sem embættismaður væri, tímabundið í starf prests í prestakallinu, haldi hann óbreyttum launakjörum.

6. Sérmenntun.

Rétt er og tímabært að bjóða sóknarprestum, núverandi og væntanlegum, að hljóta sérmenntun til þeirra stjórnunarstarfa sem sóknarprestsskyldur útheimta. Æskilegt væri að vígðir þjónar fengju slíka menntun áður en þeir takast á hendur skyldur sóknarprests í því kerfi sem hér um ræðir. Í framtíðinni yrði jafnvel að áskilja að menn hefðu tiltekna sérmenntun á þessu sviði. Vafalaust er þó að ýmsir vígðir þjónar hafa þegar aflað sér menntunar til stjórnunarstarfa.

7. Tilraunaverkefni.

Hugsanlega mætti gera tilraun í prestakalli til að innleiða þetta fyrirkomulag um tveggja ára skipti á sóknarprestsskyldum.